

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Gunnarsbraut 2, breyting á deiliskipulagi Dalvíkurhafnar.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 18. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi Dalvíkurhafnar vegna áforma um nýja slökkvistöð.

Breytingin tekur til lóðarinnar Gunnarsbrautar 2 (landnúmer L151500) og felur í sér að lóðin er stækkuð um 190 m² á kostnað lóða nr. 1 og 3 við Ránarbraut. Þá stækkar byggingarreitur á lóð nr. 2 við Gunnarsbraut um 4 m til austurs og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,8.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Dalvík, 2. desember 2024.

F.h. Dalvíkurbyggðar,

María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024